

81. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 að áfrýjun dóms fresti ekki framkvæmd ökuleyfisviptingar og enn fremur að dómara sé ekki skylt að taka það fram í dómsorði. Verður því að vísa þessari kröfu úrskurðarbeiðanda frá dómi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Hald það sem lögreglan í Reykjavík lagði á bifreiðina R-33252, eign úrskurðarbeiðanda, skal óhaggað standa.

Kröfu úrskurðarbeiðanda um hvort honum sé eftir uppkvaðningu dóms frá 11. nóvember 1988 heimilt að aka bifreið er vísað frá dómi.

Þriðjudaginn 7. febrúar 1989.

Nr. 268/1988. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Helga Bergssyni

(Gunnar Sólves hrl.)

Þjófnaður. Fjársvik.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hrafn Bragason og Arnljótur Björnsson, settur hæstaréttardómari.

Málinu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með stefnu 23. ágúst 1988 og einnig af hálfu ákærvalds til refsibýgingar.

Fyrir Hæstarétt voru lögð nokkur ný gögn.

Af ákærvaldsins hálfu var þess krafist við flutning málsins hér fyrir dómi, að refsing ákærða verði óskilorðsbundin og að hann yrði dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar. Þá var krafist staðfestingar á því, sem í héraðsdómi segir um skaðabætur, þó með þessum breytingum: „að af kröfu Miklagarðs sf., kr. 5.000, verði ákærði dæmdur til greiðslu hæstu lögleyfðu vaxta frá 14. apríl 1987 til greiðsludags en í öðrum tilvikum einungis til greiðslu dómvaxta frá birtingardegi ákæru, 30. mars 1988, til greiðsludags“.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti krafðist verjandi ákærða þess, að refsing yrði milduð og gerð skilorðsbundin, en gerði ekki athugasemd við bótakröfur. Hann krafðist málsvarnarlauna sér til handa.

Tékka sem greindur er í 8. lið ákæru, að fjárhæð 3.500,00 krónur, kveðst ákærði hafa afhent nafngreindum félaga sínum, og verður ekki á því byggt að ákærði hafi auðgast af sölu tékkans. Verður honum dæmd refsing eftir 261. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna útgáfu og afhendingar hans, enda hafa saksóknari og verjandi ákærða tjáð sig um þetta atriði fyrir Hæstarétti, sbr. lokaákvæði 118. gr. 3. mgr. laga nr. 74/1974.

Með þessari athugasemd verður fallist á ákvæði héraðsdóms um sakfellingu og ákvörðun refsingar. Einnig ber að staðfesta það sem í hinum áfrýjaða dómi segir um greiðslu sakarkostnaðar. Þá ber og að staðfesta ákvarðanir héraðsdóms um greiðslu skaðabóta, þó þannig að vextir verði eins og segir í dómsorði.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur um annað en vexti. Ákærði Helgi Bergsson greiði Miklagarði sf. 11% ársvexti frá 14. apríl 1987 til 1. maí s.á., 12% frá þeim degi til 21. júní s.á., 13% frá þeim degi til 1. júlí s.á., 14% frá þeim degi til 11. s.m., 15% frá þeim degi til 11. september s.á., 16% frá þeim degi til 21. s.m., 17% frá þeim degi til 11. október s.á., 19% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 21,5% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 11. febrúar 1988, 23% frá þeim degi til 21. s.m., 22% frá þeim degi til 1. mars s.á., 20% frá þeim degi til 1. júní s.á., 22% frá þeim degi til 11. s.m., 24% frá þeim degi til 21. s.m., 26% frá þeim degi til 21. ágúst s.á., 25% frá þeim degi til 1. september s.á., 12% frá þeim degi til 11. október s.á., 9% frá þeim degi til 21. s.m., 7% frá þeim degi til 21. september s.á., 6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 4% frá þeim degi til 11. janúar 1989, 5% frá

þeim degi til 21. s.m. og 9% frá þeim degi til greiðsludags. Þá greiði ákærði Söluturninum Barónsstíg 27, Hótel Esju, Lækjarbrekku hf., Pottinum og pönnunni sf., Alex sf., Hótel Borg, Veitingahúsinu Horninu, Bifreiðastöð Íslands hf. og Norðurleið hf. vexti frá 30. mars 1988 til greiðsludags, sem séu á hverjum tíma hinir sömu og hér á undan greinir.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Gunnars Sólness hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 2. ágúst 1988.

Ár 1988, þriðjudaginn 2. ágúst kl. 10, var á dómþingi sakadóms Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, sem háð var í dómsal embættisins í Stykkishólmi af Jóhannesi Árnasyni sýslumanni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu: Ákæruvaldið gegn Helga Bergssyni, sem var dómtekið sama dag.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæru ríkissaksóknara dagsettri 2. október 1985 á hendur Helga Bergssyni sjómanni, Ólafsbraut 24, Ólafsvík, fæddum á Akureyri 4. október 1962, fyrir að hafa í aprílbyrjun 1985 stolið tékkhefti frá aðalbanka Búnaðarbanka Íslands úr bifreið í Nauthólsvík í Reykjavík og hafa síðan næstu daga á eftir notað í viðskiptum í Reykjavík eftirgreinda 12 tékka, sem hann gaf út í eigin nafni til handhafa á eyðublöð úr tékkheftinu þrátt fyrir að hann ætti ekki innistæðu í bankanum:

1. Tékki nr. 4715434, að fjárhæð kr. 2.000,00, dagsettur 4. apríl 1985. Seldur í veitingastaðnum Horninu, Hafnarstræti 16.
2. Tékki nr. 4715433, að fjárhæð kr. 1.000,00, dagsettur 4. apríl 1985. Seldur í söluturninum Barónsstíg 27.
3. Tékki nr. 4715436, að fjárhæð kr. 3.700,00, dagsettur 5. apríl 1985. Seldur á Hótel Esju, Suðurlandsbraut 2.
4. Tékki nr. 4715438, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 4. maí 1985. Seldur í veitingahúsinu Lækjarbrekku, Bankastræti 2.
5. Tékki nr. 4715439, að fjárhæð kr. 2.000,00, dagsettur 5. apríl 1985. Seldur á Bifreiðastöð Íslands við Vatnsmýrarveg.
6. Tékki nr. 4715441, að fjárhæð kr. 7.000,00, dagsettur 5. apríl 1985. Seldur á Hótel Esju.
7. Tékki nr. 4715442, að fjárhæð kr. 1.600,00, dagsettur 5. apríl 1985. Óvíst um notkun.

8. Tékki nr. 4715445, að fjárhæð kr. 3.500,00, dagsettur 5. apríl 1985. Óvist um notkun.

9. Tékki nr. 4715446, að fjárhæð kr. 5.000,00, dagsettur 6. apríl 1985. Óvist um notkun.

10. Tékki nr. 4715448, að fjárhæð kr. 3.500,00, dagsettur 6. apríl 1985. Seldur í veitingahúsinu Alex.

11. Tékki nr. 4715449, að fjárhæð kr. 3.000,00, dagsettur 7. apríl 1985. Notaður til greiðslu fyrir gistingu á Hótel Borg.

12. Tékki nr. 4715450, að fjárhæð kr. 4.000,00, dagsettur 10. apríl 1985. Notaður til kaupa á farmiðum hjá Norðurleið.

Telst framangreindur þjófnaður á tékkheftinu varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en sala á tékkunum við 248. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Ákærði hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1980 24/5 á Akureyri. Sátt: 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 21. gr. áfengislaga.

1980 11/7 á Akureyri. Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. og 1. mgr. 259. gr. alm. hgl., 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 2 ár. Ákvörðun refsingar að öðru leyti frestað skilorðsbundið í 2 ár.

1981 6/7 á Akureyri. Sátt: 900 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 3 mánuði frá 6/7 1981.

1982 30/11 í Snæfellsnes- og Hnappads. Sátt: 4.000 kr. sekt fyrir brot gegn 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

1985 4/11 á Akureyri. Dómur: 18.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 12/12 1985.

Málavextir.

Í apríl 1985 var ákærði skipverji á bát frá Ólafsvík. Þriðjudaginn 2. apríl fór ákærði í páskaleyfi. Hann fór til Reykjavíkur ásamt Sigurði Magnúsi Þórðarsyni og tóku þeir á leigu herbergi að Brautarholti 22. Næsta dag var ákærði staddur við heita lækinn í Nauthólsvík ásamt þremur félögum sínum. Ákærði var þá orðinn peningalaus. Hann fór því inn í bifreið, sem þarna stóð, í þeim tilgangi að athuga hvort hann fyndi eitthvað fémætt. Í bifreiðinni fann ákærði tékkhefti það sem um getur í máli þessu og hafði á brott með sér. Þá voru 19 eyðublöð í heftinu. Af þeim notaði ákærði 12 eyðublöð og gaf út tékka er hann notaði síðan í viðskiptum svo sem

í ákæru greinir. Hann kvaðst hafa ráðstafað tveimur eyðublöðum úr heftinu óútfylltum til félaga sinna, en önnur hafi hann eyðilagt. Ákærði stal ekki öðru fémætu úr bifreiðinni.

Mál þetta kom til kasta Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem síðan annaðist rannsókn þess. Umrætt tékkhefti reyndist vera á reikning við Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka, og eigandi hans Guðmundur Kjartansson. Rannsóknarlögreglunni höfðu borist vísbendingar í þessu sambandi er beindu grun að ákærða og var hann því handtekinn. Ákærði var þá kominn aftur til Ólafsvíkur þar sem hann var yfirheyrður 11. apríl. Við yfirheyrsluna viðurkenndi ákærði að hafa stolið fyrrnefndu tékkhefti úr bifreið í Nauthólsvík og síðan staðið að tékkafalsi og fjársvikum í Reykjavík og víðar, en ákærði hafði á þessu tímabili m.a. farið til Akureyrar. Tók hann sér far með þotu Flugleiða frá Keflavíkurflugvelli og aftur frá Akureyri með áætlanarbifreið Norðurleiða. Ákærði og félagi hans, Sigurður Magnús, fóru úr bifreiðinni í Borgarnesi og komust þaðan til Ólafsvíkur.

Eftir að ákærði stal tékkheftinu fór hann fljótlega að skrifa og selja tékka úr því. Ákæra í máli þessu lýtur að útgáfu 12 tékka úr heftinu, er ákærði notaði síðan í viðskiptum svo sem í ákæru greinir. Samkvæmt því sem upplýst er notaði ákærði 8 af þessum tékkum í viðskiptum í Reykjavík og einn tékka til að greiða far fyrir sig og tvo félaga sína með bifreið Norðurleiða frá Akureyri. Varðandi þrjá af tékkunum er samkvæmt ákæru óvíst um notkun af hálfu ákærða er hann seldi þá. Tékkana gaf ákærði út í eigin nafni og stílaði til handhafa, þrátt fyrir að honum væri ljóst að hann ætti ekki innistæðu í bankanum. Ákærði gaf níu af tékkunum út á ávisanareikning nr. 6780 og einn tékka á hvern þessara ávisanareikninga: nr. 2860, 6291 og 6728. Tékkarnir hafa verið lagðir fram í frumriti nema tékki nr. 4715442, sem er í ljósriti, og er talið að frumrit hans hafi glatast.

Við yfirheyrslu hjá lögreglu gerði ákærði grein fyrir útgáfu tékkanna, notkun þeirra og ráðstöfun í viðskiptum á þann veg sem í ákæru greinir um hvern einstakan tékka og að framan hefur verið rakið. Hann viðurkenndi að hafa gefið tékkana út og selt þá samkvæmt framanrituðu.

Andvirði tékkanna ráðstafaði ákærði sem hér segir:

Tékki nr. 4715433, kr. 1.000,00, framseldur af Söluturninum Barónsstíg 27. Ákærði keypti tóbak fyrir hluta af upphæðinni.

Tékki nr. 4715434, kr. 2.000,00, framseldur af Horninu, Hafnarstræti 15. Ákærði greiddi veitingar sem hann neytti á staðnum.

Tékki nr. 4715436, kr. 3.700,00, framseldur af Hótel Esju. Ákærði greiddi veitingar fyrir sig og féлага sinn, sem þeir neyttu á staðnum.

Tékki nr. 4715438, kr. 3.000,00, framseldur af Lækjarbrekku. Ákærði greiddi veitingar fyrir sig og féлага sína, sem þeir neyttu á staðnum.

Tékki nr. 4715439, kr. 2.000,00, framseldur af Bifreiðastöð Íslands

(BSÍ). Ákærði seldi tékkann á BSÍ, en mundi ekki nánar eftir ráðstöfun andvirðis hans.

Tékki nr. 4715441, kr. 7.000,00, framseldur af Hótel Esju. Ákærði gaf tékkann út en kvaðst ekki hafa ritað það sem skráð er á framhlið hans, heldur hafi einhver annar gert það vegna þess hve ákærði var ölvaður. Ákærði greiddi veitingar fyrir sig og félagi sína, sem þeir neyttu á staðnum.

Tékki nr. 4715442, kr. 1.600,00. Framsöl eru óljós. Ákærði greiddi fyrir afnot af herbergi í Brautarholti 22, þar sem hann bjó fyrst eftir að hann kom til Reykjavíkur fyrir páskana, svo sem fyrr greinir.

Tékki nr. 4715445, kr. 3.500,00, framseldur af Pottinum og pönnunni. Ákærði afhenti Stefáni Karlssyni tékkann og hann keypti mat fyrir sig og annan mann fyrir andvirði hans. Ákærði fékk sjálfur ekkert af andvirði hans.

Tékki nr. 4715446, kr. 5.000,00, framseldur af Miklagarði. Ákærði mundi ekki glöggst eftir ráðstöfun andvirðis tékkans en kvaðst ekki hafa greitt með honum í Miklagarði. Hann taldi jafnvel að hann hefði greitt leigubílstjóra með tékkanum fyrir akstur.

Tékki nr. 4715448, kr. 3.500,00, framseldur af Alex v/Hlemmtorg. Ákærði greiddi veitingar, sem neytt var á staðnum af ákærða og fleirum.

Tékki nr. 4715449, kr. 3.000,00, framseldur af Hótel Borg. Ákærði greiddi fyrir herbergi fyrir félagi sinn Sigurð Magnús Þórðarson og ráðstafaði eftirstöðvum til áfengisкупа.

Tékki nr. 4715450, kr. 4.000,00, framseldur af Norðurleið hf. Ákærði greiddi fargjöld fyrir sig og félagi sína og ennfremur mat á leiðinni.

Í þeim tilvikum, þegar ákærði fékk hluta af andvirði framangreindra tékka greiddan í peningum, þ.e. fékk til baka, kvaðst hann hafa ráðstafað þeim fjármunum til áfengisкупа o.fl.

Málið kom fyrir dóm 9. desember 1986 og var þingfest í sakadómi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Þar sem ákærði var þá fluttur til Akureyrar var málið sent embætti bæjarfógeta á Akureyri til meðferðar. Erfiðlega gekk að fá ákærða fyrir dóm. Hann var boðaður, en mætti ekki 17. febrúar 1987, 19. maí 1987 og 10. nóvember 1987, en fram kom að ákærði hefur stundað sjómennsku fjarri heimili sínu.

Ákærði var yfirheyrður í sakadómi Akureyrar 30. mars 1988. Honum var þá birt ákæran í málinu og kvað hann það rétt er honum er gefið þar að sök. Ákærði viðurkenndi að hafa stolið tékkheftinu úr bíl í Nauthólsvík í Reykjavík í byrjun apríl 1985 og síðan gefið út í eigin nafni tólf tékka á eyðublöð úr framangreindu tékkhefti, sem var á reikning við Búnaðarbanka Íslands, án þess að huga að því hvort innistæða væri fyrir hendi er hann gaf tékkana út. Ákærði skoðaði tékkana í dóminum og staðfesti að hafa gefið þá út og notað í staðgreiðsluviðskiptum að undanskildum

tékka nr. 4715445, er hann afhenti Stefáni Karlssyni. Að öðru leyti lýsti ákærði atvikum í samræmi við skýrslur sínar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem hann og staðfesti réttar.

Þessir aðilar hafa gert skaðabótakröfur vegna tékkanna:

1. Veitingastaðurinn Hornið, Hafnarstræti 15, Reykjavík	kr. 2.000,00
2. Söluturninn Barónsstíg 27, Reykjavík	kr. 1.000,00
3. Hótel Esja, Reykjavík	kr. 10.700,00
4. Veitingahúsið Lækjarbrekka, Bankastræti 2, Reykjavík	kr. 3.000,00
5. Bifreiðastöð Íslands, Reykjavík	kr. 2.000,00
6. Veitingahúsið Potturinn og pannan sf., Brautarholti 22, Reykjavík	kr. 3.500,00
7. Mikligarður sf., Reykjavík	kr. 5.000,00
8. Veitingahúsið Alex, Hverfisgötu 126, Reykjavík	kr. 3.500,00
9. Hótel Borg, Reykjavík	kr. 3.000,00
10. Norðurleið hf., Akureyri	kr. 4.000,00

Er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að endurgreiða höfuðstól tékkanna ásamt dómvöxtum frá sýningardegi til greiðsludags eða hæstu lögleyfðu vöxtum.

Ákærði hefur samþykkt framangreindar bótakröfur eins og þær liggja fyrir.*

Ákærði óskaði ekki eftir skipun verjanda en lagði málið í dóm og samþykkti að málið yrði dæmt að sér fjarstöddum.

Niðurstaða.

Með játningu ákærða og stoð í sakargögnum málsins þykir sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá verknaði, sem honum eru gefnir að sök í ákæru og þar er rétt lýst og brot ákærða rétt færð til refsíákvæða. Brotin framdi ákærði af hreinum ásetningi gagnert í þeim tilgangi að komast yfir fjármuni.

Ber því að taka til greina kröfur ákæruvaldsins í málinu og dæma ákærða refsingu samkvæmt 244. gr. og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með dómi sakadóms Akureyrar 4. nóvember 1985 var ákærði sakfelldur og honum dæmd refsing fyrir þar tilgreind brot. Brot þau sem ákærði er sakaður um í þessu máli framdi hann í apríl 1985. Refsingu ákærða ber því að ákvarða með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 77. gr. sömu laga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin fangelsi í 3 mánuði. Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu fyrir brot á almennum hegningarlögum. Hins vegar hefur hann ekki greitt neitt af kröfum þeim er af athæfi hans spunnust eða sýnt tilburði í þá átt að bæta fyrir brot sín. Eftir atvikum þykir rétt að ákveða að 2 mánuðir refsitímans verði skilorðsbundnir og fullnustu refsingar frestað og falli sá hluti refsingar niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði hefur samþykkt bótakröfur þær sem lagðar hafa verið fram í málinu, sbr. framanritað, og ber því að dæma hann til að greiða þær ásamt vöxtum svo sem krafist hefur verið. Varðandi tékka nr. 4715439 að upphæð kr. 2.000,00, sem ákærði seldi á BSÍ, er tekið fram að ekki var gerð krafa um vexti og verða þeir því ekki dæmdir. Hins vegar var gerð krafa um kostnað viðkomandi banka sem BSÍ lagði út við innlausn tékkans. Þessi krafa er vanreifuð og kemur því ekki til álita. Varðandi tékka nr. 4715450 þótti á skorta áritun af hálfu banka við sýningu tékkans.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Jóhannes Árnason sýslumaður kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Helgi Bergsson, sæti fangelsi í 3 mánuði, en fullnustu á tveimur mánuðum refsingarinnar skal frestað og falli sá hluti niður eftir 2 ár frá birtingu dóms þessa, enda haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði eftirtöldum aðilum skaðabætur:

Söluturninum Barónsstíg 27, Reykjavík, kr. 1.000,00 ásamt dómvöxtum frá 9. apríl 1985 til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðunum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Hótel Esju kr. 10.700,00 ásamt dómvöxtum frá 9. apríl 1985 til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðunum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Lækjarbrekku hf. kr. 3.000,00 ásamt dómvöxtum frá 9. apríl 1985 til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðunum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Pottinum og pönnunni sf. kr. 3.500,00 ásamt dómvöxtum frá 9. apríl 1985 til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðunum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Alex sf., Reykjavík, kr. 3.500,00 ásamt dómvöxtum frá 9. apríl 1985 til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðunum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Hótel Borg kr. 3.000,00 ásamt dómvöxtum frá 9. apríl 1985 til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðunum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Veitingahúsinu Horninu, Hafnarstræti 15, Reykjavík, kr. 2.000,00 ásamt dómvöxtum frá 9. apríl 1985 til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðunum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Miklagarði sf., Reykjavík, kr. 5.000,00 ásamt dómvöxtum frá 12. apríl 1985 til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðunum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Bifreiðastöð Íslands hf. kr. 2.000,00.

Norðurleið hf. kr. 4.000,00 ásamt dómvöxtum frá 12. apríl 1985 til 14. apríl 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðunum Seðlabanka Íslands á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.
